

Clarence E. Glad, Ph.D.

## Vannýttur mannauður?

Erindi flutt á haustþingi Rannís 25. nóvember 2005

Ágætu tilheyrendur!

Spurningin, “Til hvers menntum við doktora á Íslandi?”, er mikilvæg í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á háskólastiginu hérlendis undanfarinn áratug. Þótt ég svari spurningunni eingöngu óbeint er í sjálfu sér auðvelt að finna rök bæði með og á móti hérlendu doktorsnámi. Sum þeirra nefni ég hér á eftir en vil þó leggja megináherslu á ýmis atriði sem ýjað er að í heiti erindisins.

Þegar rædd er fjölgun íslenskra nemenda í doktorsnámi, bæði hérlendis og erlendis, er eðlilegt að líta til baka um minnst þrjú áratugi. Á því tímabili má segja að menntasprenging hafi orðið á Íslandi, sem hófst með tilkomu fjölbrautaskólanna um 1970. Brautskráðum stúdentum fjölgaði mjög á áttunda og níunda áratug 20. aldar í samanburði við áratugin þar á undan. Upp úr 1980 verður LÍN til í þeirri mynd sem við þekkjum í dag, en sjóðurinn auðveldaði nemendum til muna að sækja sér menntun jafnt hérlendis sem erlendis. Nú fjölgaði nemendum í doktorsnámi erlendis allnokkuð. Upp úr 1990 fer RANNÍS að taka á sig þá mynd sem við þekkjum í dag, en sjóðurinn hefur auðveldað mörgum langskólagengnum Íslendingum að fóta sig í íslensku rannsóknarsamfélagi eftir dvöl erlendis.<sup>1</sup> Loks ber að nefna fjölgun háskóla og fræðasetra á síðustu árum.<sup>2</sup> Öll framangreind atriði hafa beint og óbeint stuðlað að fjölgun doktorsnema eða eru afleiðingar þeirrar fjölgunar. ReykjavíkurAkademían er afurð þessarar menntasprengingar eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

---

<sup>1</sup> Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) tengjast nokkrir rannsóknarsjóðir auk markáætlunar um rannsóknir og þróunarstarf á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. *Rannsóknasjóður* starfar skv. lögum nr. 3/2003. Það er skilgreint hlutverk rannsóknasjóðs RANNÍS að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi, og styrkir sjóðurinn rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

<sup>2</sup> Háskólinn á Akureyri (1987), Háskólinn á Bifröst (1989), Listaháskóli Íslands (1998), Háskólinn í Reykjavík (1998; + Tækniháskóli Íslands, 1972/2004), Háskólinn á Hólum (2003), Landbúnaðarháskóli Íslands (2004), Fræðasetur Suðurlands, Fræðasetur Austurlands, Háskólasetur á Ísafirði (1/1/06), et al. Í sextíu ár (1911-1971) var aðeins einn háskóli í landinu. Flestir urðu þeir níu talsins, en fækkaði í sjö árið 2005 með sameiningu og stækkun hákólanna á Hvanneyri (LHÍ) og í Reykjavík (HR). Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað ört. Árið 1980 voru þeir tæplega 3.600, árið 1990 tæplega 5.300 og um síðustu aldamót tæplega 10.500. Árið 2004 voru þeir orðnir rúmlega 16.000.

Þótt engar haldbærar tölur séu til um fjölda þeirra sem lokið hafa doktorsnámi erlendis og ekki skilað sér aftur til Íslands, er ljóst að sá hópur hefur farið stækkandi á undanförmum árum. Hið stæð fjölgun hefur orðið í hópi þeirra Íslendinga sem lokið hafa doktorsnámi erlendis, snúið aftur heim en ekki fengið vinnu við hæfi. Hvað varðar þá sem lokið hafa doktorsnámi erlendis og ekki skilað sér til baka, má kannski segja, að íslenska ríkið hafi stutt við bakið á þeim erlendum rannsóknarstofnunum og háskólum sem ráðið hafa til sín Íslendinga sem m.a. hafa notið stuðnings LÍN og íslenska skólakerfisins. Líta má á það sem framlag Íslendinga til alþjóðasamfélagsins!

En þegar litið er á þá Íslendinga sem lokið hafa doktorsprófi erlendis og hafa skilað sér til baka til Íslands er ljóst að þeim hefur gengið misvel að fóta sig á ný hér. Óhætt er að fullyrða að fólki með sérhæfingu í hug- og félagsvísindum hefur gengið verr en öðrum að fá vinnu við hæfi. Sumir sem snúið hafa til baka hafa fengið vinnu á sínu sérsviði, m.a. vegna fjölgunar háskóla, fræða- og rannsóknasetra og vegna styrkingar samkeppnissjóða eins og Rannís. En ljóst er að nokkuð stór hópur útskrifaðra doktora sem ákveðið hafa að búa hérlendis hefur ekki greiðan aðgang að starfi á sínu sérsviði eða verður undir í harðri samkeppni um fjárstuðning úr opinberum samkeppnissjóðum sem má segja að á köflum sé nokkuð ósanngjörn þar eð einyrkjar hafa ekki þá stofnanalegu umgjörð sem oft gerir gæfumuninn í þessu sambandi.<sup>3</sup>

Ef litið er á hlutfall þeirra sem fá úthlutað árlega úr Rannís er ljóst að sá sjóður dugur skammt til að anna eftirspurninni. Nokkuð langur vegur er frá því að allar

---

<sup>3</sup> Nákvæmar tölulegar upplýsingar eru ekki til um atriði sem reifuð eru í málsgreinunum hér að ofan. Fullyrðingarnar byggja m.a. á gögnum ReykjavíkurAkademíunnar um fólk í hug- og félagsvísindum sem lokið hefur doktorsnámi og hefur haft mislanga dvöl í Akademíunni frá stofnun hennar 7. maí, 1997. Einhverra hluta vegna hafa yfirvöld menntamála ekki talið það brýnt að draga fram tölulegar upplýsingar um neikvæðar afleiðingar hinnar jákvæðu þróunar! RANNÍS býr ekki yfir nákvæmum upplýsingum um doktora á erlendri grund eða hvernig doktorum sem koma heim hefur gengið að fóta sig. Skýrslan *Rannsóknir og þróun á Íslandi árið 2003. Fjárfestingar Íslendinga í þekkingarsköpun* (Rannsóknamiðstöð Íslands, 2003) veitir fábrotnar upplýsingar um efnisatriði þau sem tæpt er á í meginmáli. Ásdís Jónsdóttir, sérfræðingur á greiningasviði Rannís, hefur tekið saman upplýsingar um vísindamenn á erlendri grund með hliðsjón af skráningarsíðu Rannís og með hliðsjón af styrkveitingum Rannís á síðustu árum. Í þeim grunni (nóv. 05) eru 157 einstaklingar, 115 doktorsnemar (53 karlar og 62 konur), 38 doktorar (17 karlar og 21 kona) og fjórir með MA/MS próf. Hversu nákvæmar þessar tölur eru vitum við ekki eða hvað tölurnar um doktora segja okkur. Af þessum 157 einstaklingum er 41 flokkaðar undir félagsvísindi, 21 undir heilbrigðisvísindi, 22 undir hugvísindi, 50 undir raunvísindi og 14 undir verk- og tæknifræði. Úr hópi doktora eru flestir flokkaðir undir raunvísindi (16), 7 undir félagsvísindi og 5 undir bæði heilbrigðisvísindi og hugvísindi. Flestir þessara 157 vísindamanna eru flokkaðir undir raunvísindi (50), 41 undir félagsvísindi, 22 undir hugvísindi og 21 undir heilbrigðisvísindi. Flestir doktora starfa í Bandaríkjunum (20); einnig flestir vísindamannanna í gagnagrunninum (63).

styrkhæfar umsóknir fái fyrirgreiðslu. Þrátt fyrir aukið framlag til samkeppnissjóða, setja reglur Rannís einyrkjum áfram hömlur þar sem hæstu styrkir sjóðsins til þeirra eru kr. 2.000.000.- @ ári. Þá má nefna að framlag til Launasjóðs fræðiritahöfunda er enn skammarlega lágt.<sup>4</sup> Sjálfstætt starfandi fræðimönnum fjölgar stöðugt og eru þeir í reynd dæmdir til lægstu launa í rannsóknarsamfélaginu.<sup>5</sup> Meðal þeirra má jafnvel tala um dulið atvinnuleysi. Reynsla mín af starfi mínu innan RA er að sumir þessara einstaklinga vinna rúmlega 50% í sjálfboðavinnu eða eru “að vinna niður fyrir sig” til að geta stundað rannsóknir á sínu sérsviði.

Í ljósi breyttra aðstæðna má segja að sumir hinna nýju háskóla, eins og t.a.m. Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaháskólinn á Bifröst, séu jákvætt svar við opnum dyrum þar sem eftirspurn hefur verið eftir vinnuafli á þeirra sviðum. RA er hins vegar jákvætt svar við lokuðum dyrum á sviðum hugvísinda, þar sem eftirspurn eftir langskólagengnu vinnuafli á þeim sviðum hefur verið minni en innan annarra fræðigreina. Ástæðurnar fyrir þessu geta verið lítill skilningur á gildi hugvísinda fyrir samfélagsumræðuna og á mögulegri hagnýtingu eða arðsemi slíkra fræðigreina. Þá er mikilvægt að halda til haga þeirri staðreynd að tilkoma hinna nýju háskóla hefur að nokkru leyti vegið að hinni sígildu hugsjón um háskóla sem samræðugrundvöll allra fræða, og margir hinna nýju háskóla hafa ekki talið það mikilvægt að bjóða upp á hefðbundnar greinar hugvísinda. Fullyrða má að skapast hafi rýmri skilyrði fyrir langskólagengið fólk innan líf- og raunvísinda sem og lögfræði og viðskiptafræða en síður í hefðbundnum greinum hug- og félagsvísinda.

Efling háskólastigsins á undanförunum árum og fjölgun skóla á háskólastigi er auðvitað jákvæð. Hinum nýju háskólum hefur verið búið starfsumhverfi sem opnar marga möguleika til að efla kennslu og vísindastarf í landinu enn frekar. Þá hafa augin framlög til vísindarannsókna orðið til þess að skipa Íslandi meðal fremstu þjóða heims á þessu sviði. Þetta hefur ýtt undir samkeppni í þessum málaflokki og orðið hvatning til að auka gæði og metnað háskólastigsins enn frekar. Fjölgun háskóla hefur þannig leitt af sér eðlilega og jákvæða sérhæfingu á ýmsum sviðum. Hins vegar verður ekki fram hjá því lítið að hefðbundið jafnvægi hinnar fornu þrískiptingar vestrænna háskóla milli raunvísinda, félagsvísinda og hugvísinda hefur að nokkru

<sup>4</sup> U.p.b. 10-12 mil. @ ári. Af þeim sextíu til sjöttíu árlegum umsækjendum fá ekki nema 7-8 fyrirgreiðslu sem að jafnaði hefur numið hálfum árslanum.

<sup>5</sup> Þó er rétt að taka fram, að þeir gera ekki kröfur um sérmeðferð; jafnframt ber að nefna að ritvirkni margra þessara einstaklinga er ekki síðri en samkeppnisaðila í rótgrónum háskólastofnunum. Sjá Rannsóknarskýrslu ReykjavíkurAkademíunnar 2005.

leyti raskast við sértækar vísindaáherslur hinna nýju háskóla með áberandi slagsíðu hugvísindagreinum í óhag.

Hér er vert að minnast þess að hugmyndin um „háskóla“ er siðferðileg. Háskólar sem æðstu menntastofnanir samfélagsins eiga bæði að skila mannlegu samfélagi aukinni sérþekkingu öllum til hagsbóta og halda til haga tilteknum menningarverðmætum. Í slíku samhengi gera menn sér grein fyrir mikilvægi hugvísinda, en þau fást öðrum greinum fremur við menningarverðmæti og menningarrýni. Menningararfurinn er ekki föst stærð heldur verður stöðugt að rýna í rúnir menningarinnar og mikilvægt er að sífelld umræða eigi sér stað um mikilvægi þeirra fyrir nútímasamfélag í stöðugri þróun. Æ fleiri gera sér grein fyrir því að forsendulaus vísindi eru ekki til og að gildismat hefur áhrif á allar mannlegar ákvarðanir, þar með taldar ákvarðanir um námsefni og námsmarkmið alls skólastarfs.

Ástæðan fyrir því að ég vil beina athygli ráðstefnugesta að þessum atriðum er einfaldlega sú, að óhjákvæmilegur fylgifiskur takmarkaðs námsframboðs er enn meiri sérhæfing þegar kemur að doktorsnámi innan þeirra fáu greina sem í boði eru. Til lengri tíma þýðir þetta að hópur íslenskra doktora verður hugsanlega einsleitari. Það er hvorki gott fyrir háskólasamfélagið né þjóðfélagið í heild. RA hefur reynt að bregðast við þessu með því benda á skertan hlut hug- og félagsvísindanna innan hinna nýju háskóla.<sup>6</sup> Við höfum reynt að skapa tækifæri til að byggja upp arðbæra starfsemi á þessum sviðum. Þótt það hafi verið á brattann að sækja fyrir okkur, m.a. vegna skilningsleysis á neikvæðum afleiðingum hinnar jákvæðu þróunar hefur Akadémían frá stofnun sinni 7. maí 1997 vaxið og dafnað. Nú eru að jafnaði um 80 fræðimenn með aðsetur í RA. Þótt í þessum hópi séu bæði ungir fræðimenn sem eru að vinna að doktorsritgerðum og rithöfundar og listamenn sem tengjast fræðum, þá er þar jafnframt stór hópur fræðimanna sem lokið hafa doktorsprófum og hafa mislangan sjálfstæðan fræðimannsferil að baki. Sumir þeirra sinna áfram afmörkuðum rannsóknum á sínum sérsviðum; aðrir hasla sér völl á nýjum sviðum þar sem sem sérfræðiþekking þeirra nýtist, hvort heldur er í einka- eða opinbera geiranum. Þetta sýnir að þótt markaðurinn kunni hugsanlega að vera mettaður innan akademíska geirans eru sóknarfæri utan hans.

---

<sup>6</sup> Hin nýja námslína á Bifröst – BA nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) – sem RA tók þátt í að móta er dæmi um meðvitaða tilraun til að sporna við þessari þróun.

En hvað varðar ýmsa kosti og galla þess að efla hérkent doktorsnám vil ég byrja á að minna á að fullkomið rannsóknarbókasafn með fjölbreyttu úrvali fræðiritra er frumforsenda rannsóknatengds doktorsnáms. Slík aðstaða er ekki til í dag á þeim sviðum hug- og félagsvísinda þar sem ég þekki best til.<sup>7</sup> Þá mætti nefna að vegna smæðar háskólasamfélagsins getur sú staða hæglega komið upp, að sami kennarinn leiðbeini sama nemanda í lokaritgerðarsmið í gegnum allt háskólakerfið til BA-prófs, MA-prófs og doktorsprófs. Dæmi er um slíkt í stærsta háskóla Íslands. Burtséð frá ágæti viðkomandi leiðbeinanda held ég að við getum öll verið sammála um að annað fyrirkomuleg væri ákjósanlegra.

Að mati margra felst styrkur íslensks háskólasamfélags m.a. í því að kennarar þess hafa margir hverjir hlotið menntun sína erlendis í alþjóðlega viðurkenndum skólum. Þeir hinir sömu hafa í mörgum tilvikum kynnt til sögunnar það besta á sínum fræðasviðum. Samt má heldur ekki gleyma því að þótt íslenskir háskólar státi eðlilega af því að allmargir kennarar þeirra hafi lokið doktorsprófi frá virtum erlendum háskólum, þá eru einnig margir sem lokið hafa doktorsprófi frá háskólum sem standa sig ekki jafn vel í alþjóðlegum samanburði! En burtséð frá samsetningu núverandi vinnuafls íslenskra háskóla er ekki óeðlilegt að spyrja, hvort fjölgun íslenskra doktora muni leiða til þess að Íslendingar muni sækja slíkt nám í minna mæli erlendis.

Ef hérkent doktorsnám leiðir til rofs á alþjóðlegu tengslaneti er á ferðinni ákveðin útvötnunarhætta vegna smæðar markaðarins, því að hugsanlega þýðir það að menntun komandi kynslóða verði einsleitari og þær kynni sér síður það besta sem völ er á erlendis. Þá geng ég út frá þeirri forsendu að menntun og þekking séu ekki verufræðileg hugtök eða mælanlegar stærðir, sem hægt sé að hlaða niður af vefsíðum netsins eða með því að kemma öll fræðirit sem gefin hafa verið út á hinum ólíklegustu sviðum eða með því að ljúka rannsókn með ritun einnar doktorsritgerðar. Menntun er heldur ekki verkunnátta eða innsýn í tæknileg úrlausnarefni. Mannleg þekking er afsprengi félagslegrar þróunar og átaka um völd og áhrif, sem krefst mannlegra samskipta og ígrundaðrar samræðu um forsendur og gildi þekkingar ólíkra fræðasviða í þjóðfélagslegu samhengi. Því eru og verða hin mannlegu samskipti í mótun, miðlun og framsetningu fræðilegrar þekkingar ávallt mikilvæg.

---

<sup>7</sup> Hvaða afleiðingar hefur þetta í för með sér? Gæti þetta leitt til þess að námið verður annars eða þriðja flokks?

Uppbygging doktorsnáms er þó eðlilegur hluti af stofnanavæðingu háskóla. Auðvelt að taka undir það sjónarmið að í sögulegu og alþjóðlegu samhengi standi háskólar í reynd ekki undir nafni nema þeir bjóði upp á rannsóknartengt framhaldsnám. Það er mikilvægt hverjum háskólakennara að fá tækifæri til þess að leiðbeina nemendum til æðstu mögulegrar menntagráðu. Þannig fá þeir bæði aðhald og stuðning í eigin rannsóknarstarfi. Ef við gefum okkur að samræðan í einhverju formi sé það mikilvægasta fyrir akademískan þroska, þá er framhaldsnám nauðsynlegt frá sjónarhóli háskólakennarans, nemendans og háskólasamfélagsins í heild. Það er síðan á ábyrgð hvers og eins sem og viðkomandi stofnunar að rækta og hlúa að hinni akademísku samræðu og rjúfa þannig reglulega þá einangrun sem nauðsynleg er öllu rannsóknarstarfi. Tíminn einn mun leiða í ljós, hvort von rektors HÍ muni rætast um að fjölbreytileikinn haldist við eflingu íslensks doktorsnáms.<sup>8</sup> Hins vegar er mér það mjög til efs að krafan um eins árs “útivist” íslenskra doktorsnema muni geta tryggt þau alþjóðlegu tengsl við færustu vísindamenn á sem flestum sviðum sem æskileg eru.

Viðleitni háskólasamfélagsins til að auka hérlent doktorsnám er afar skiljanleg. Þótt sjálfstraust hins íslenska fræðasamfélags eigi hugsanlega rétt á sér á ákveðnum sviðum, er ástæðulaust að telja það sjálfgefið gott að ljúka doktorsnámi við íslenskan háskóla. Röksemdafærslan er reyndar farin að bíta í skottið á sér! Vegna smæðar íslenskra háskóla er endurnýjunin hæg. Háskólarnir verða að mennta doktora og þeir hinir sömu eiga að fá vinnu þar. Þetta leiðir til hringrásar í allt of litlum potti og er hugsanleg forskrift að innræktun (*indavl*, dk.). Til þess að geta svarað spurningunni játandi um að mikilvægt sé að mennta doktorsnema hérlendis - og að nemendur haldi jafnframt áfram að sækja doktorsnám erlendis - þarf að vinna markvisst að því að bæta möguleg atvinnuskilyrði doktora framtíðarinnar. Fjölgun háskóla leysir þetta að einhverju leyti en dugir þó skammt til þar sem sérhæfing hinna nýju háskóla svarar bara þörfinni fyrir mjög afmarkaðan fjölda háskólagreina.

Þegar vega á og meta vægi ólíkra kosta og galla þess að efla metnaðarfullt doktorsnám hérlendis, held ég að svarið verði óhjákvæmilega nokkuð persónubundið, mótað bæði af vinnustað viðkomandi og fræðasviði. Menn geta beitt rökum sem talin eru eðlileg með hliðsjón af hollustu viðkomandi fræðimanns við stofnun sína sem þarf að tryggja aðstöðu sína í harði samkeppi um athygli fámenns hóps viðsemjenda í

---

<sup>8</sup> Sjá Mbl. 20. nóv. 05.

menntamálaráðuneytinu. Þótt slíkir tilburðir séu afar skiljanlegir, er æskilegt að slíkir stundarhagsmunir nái ekki yfirhöndinni í framtíðarstefnumörkun. Burtséð frá vægi ólíkra kosta og galla við uppbyggingu héraðs doktorsnáms álit ég æskilegt að stefnumörkun mótist af skýrri heildarstefnu sem taki m.a. ábyrga afstöðu til framtíðaratvinnumöguleika verðandi doktorsnema og taki jafnframt mið af menntastefnu með trausta kjölfestu í manngildishugsjónum vestrænnar menningar, er byggir á hinni sígildu hugmynd um háskóla sem samræðuvettvang allra fræða.<sup>9</sup>

Því er mikilvægt að benda á ábyrgð bæði ríkisvaldsins og háskólanna. Það er ekki nóg að „lokka“ fólk í doktorsnám til að treysta sig gagnvart fjárveitingarvaldinu eða til sýna fram á sérstöðu sína sem „rannsóknarháskóli“ eða til að afmarka „sérhæfingu“ sína á tilteknu sviði. Það er þýðingarmikið fyrir háskólana í samræðum við yfirvöld menntamála að sýna ábyrgð við mótun heildstæðrar menntastefnu, sem geri m.a. tilraun til að svara því hvað verður um þetta fólk að námi loknu. Það er allra hagar. Hin pólitísku og akademísku öfl verða að svara því hvernig samfélagið í heild ætli að nýta sér þá miklu fjárfestingu sem þegar hefur átt sér stað og mun verða í mennta- og rannsóknarkerfi landsmanna. Fjölgun doktora er eðlileg afleiðing af þróun háskólastigsins en það skortir heildstæða stefnu og metnað til að fullnýta þennan mannauð. Á meðan sú fjárfesting sem nú þegar hefur verið lagt í er ekki að fullu nýtt, er eðlilegt að spurt sé til hvers eigi að fjölga í þeim hópi sem samfélagið hefur ekki enn fundið nein not fyrir. Þá mætti jafnframt spyrja hvort við ættum ekki frekar að auka og breiða út almenna menntun allt til meistaraþrófs og stíga varlega ný skref í átt til doktorsmenntunar. Þótt þetta séu eðlilegar spurningar, er ég reyndar hlynntur því að efla doktorsnám á þeim sviðum sem háskólasamfélagið getur orðið sammála um að líkur séu á að skili árangri í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Sem fyrr segir er háskólahugmyndin sem umræðuvettvangur allra fræða á undanhaldi í hinu nýja íslenska háskólaumhverfi. En ef hlutverk háskóla og menntunar er m.a. að vinna gegn ómennskunni og halda í heiðri hefðbundin manngildi, tel ég mikilvægt að undanskilja ekki hefðbundar greinar hugvísinda. Ýmsir hafa jafnvel gengið það langt að segja að hugvísindin séu forsenda fræðilegra og hagnýtra efnisvísinda, en ég læt nægja að leggja áherslu á að mannleg fræði miða að skilningi og mannúð, efla vísýni og þroska þá vitund sem framkallar

---

<sup>9</sup> Eftir að hafa samið þetta erindi (10.-17. nóv., 05) las ég erindi Páls Skúlasonar, “Tvær hugmyndir um mótun háskóla. Fagskólinn og fræðasetrið” (gert aðgengilegt á vef HÍ 22. nóv. 05). Ljóst er að ofanefndar áherslur eru í anda Humboldt. Sjá neðanmálgrein 12.

hugmyndaauðgi. Hugvísindagreinar eru jafnframt mikilvægar í stöðugri endurskoðun menningarverðmæta og við mat á siðferðilegu inntaki þekkingarhugtaksins. Hvorki menning né þekking eru fastar stærðir heldur síkvikar breytur sem krefjast árvekni og endurskoðunar með vaxandi fjölmenningu og alþjóðavæðingu. Tungumálið, sögulegt og þjóðfélagslegt samhengi og vitundin um sammannlega ábyrgð eru frumforsendur þess að mannlegt samfélag geti þrífist og dafnað; þetta á ekki síður við um æðri menntun. Annars getur “þekkingin” verið stórhættuleg eins og dæmin sanna.<sup>10</sup>

Ég hef hér að framan dregið á hefðbundnar hugmyndir um háskóla sem gjarnan eru kenndar við Wilhelm von Humboldt.<sup>11</sup> Áherslur hinna nýju háskóla eru stundum á skjön við þessa háskólahugmynd, þar sem sérhæfing þeirra er oftast en ekki tengd tiltekinni starfsgrein og minni áhersla lögð á fjölbreytilegt námsframboð. Þannig hefur eðli hérlends háskólanáms verið að breytast og það hefur í ríkara mælið tengst atvinnulífinu. Það er heldur ekki eins bundið við einstakar stofnanir og áður var. Í mínum huga eru þetta eðlilegar og jákvæðar breytingar sem sýna margþætt menningarlegt gildi ólíkra greina. Í þessu sambandi mætti líka nefna tækifæri hérlendra háskóla til að tengja rannsóknánám sitt öðrum háskólum erlendis. Þetta þarf að hafa í huga við uppbyggingu doktorsnáms. Við þurfum jafnframt að sjá rannsóknánám, meistara- og doktorsnám, í samhengi landsins alls, ekki einungis í ljósi metnaðar HÍ.

Menn verða líklega seint sammála um, hvernig svara eigi spurningunni um það hversu fræðilegt verk- eða fagnám eigi eða þurfi að vera. En burtséð frá því hvernig við svörum þessari spurningu, vil ég leyfa mér enn á ný að benda á mikilvægi þess að öll sérhæfing sé sett í menningarsögulegt samhengi sem kemur öllum við. Þótt ég vilji nú ekki gera lítið úr notagildi annarra greina í þessu sambandi ættu hugvísindin að geta reynst notadrjúg hér þar sem þau hafa öðrum greinum fremur sérhæft sig á þessu sviði. Sumir hinna nýju háskóla eru farnir að átta sig á mikilvægi

---

<sup>10</sup> Þrátt fyrir áherslur þessara málsgreinar er það ekki sjálfgefið að hugvísindin standi undir þeim væntingum sem hér birtast því þau geta einnig alið af sér lítt hugsandi sérfræðinga.

<sup>11</sup> Þær hugmyndir sem settar eru fram hér finna samhljóm í ýmsu því sem Páll Skúlason nefndir í sínu erindi (sjá neðanmálsgrein 10). Hann segir: “Því miður virðast háskólar samtímans . . . vera brenndir því marki að leggja mest upp úr því að ala upp fólk sem kann sína sérgrein og skapar jafnvel frammúr á sínu sviði hvað sem líður víðsýni þeirra, ábyrgðartilfinningu og hugsun að öðru leyti. Í uppeldisstarfi allra háskóla á . . . að leggja áherslu á að ala upp víðsýna, ábyrga og umfram allt hugsandi sérfræðinga. Í þessu sambandi skiptir greinarmunur háskóla og verkaskipting þeirra engu höfuðmáli, heldur skylda þeirra til að sunda fræðastörfin – kennslu og rannsóknir – á þann veg að þau leiði til þroska og þekkingar er menningu komandi kynslóða til góðs hvað sem líður akademískum eða hagnýtum verkefnum líðandi stundar.” Sjá Pál Skúlason, “Fagskólinn og fræðasetrið,” bls. 406.



hugvísindanna, og ég vil því leyfa mér að spá því að það líði ekki mörg ár þar til öflugar hugvísindadeildir muni spretta upp í hinum nýju háskólum!<sup>12</sup>

Fyrir utan þá eðlilegu kröfu sem við gerum til sérhvers fræðimanns um, að hann leiti allra leiða til að finna sérfræðipækkingu sinni farveg í íslensku og alþjóðlegu samhengi, mætti í ljósi fjölgunar íslenskra doktora kalla stofnanir samfélagsins til sérstakrar ábyrgðar. Kalla mætti stjórnvöld til ábyrgðar um að þau styrki í auknum mæli tilraunir sprotafyrirtækja innan hugvísindageirans til að móta atvinnuskapandi tækifæri til framtíðar. Kalla mætti HÍ til ábyrgðar um að skólinn hlúi betur að þeim fræðimönnum sem nú þegar stunda þar doktorsnám áður en hann tekur á móti fleiri doktorsnemum.<sup>13</sup> Kalla mætti hina nýju háskóla til ábyrgðar um að þeir auki hlut hugvísinda innan sinna vébanda og gefi vaxandi hópi langskólagenginna hugvísindamanna vinnu á sínum sérsviðum.<sup>14</sup> Kalla mætti RANNÍS til ábyrgðar um að lægstu styrkir til einyrkja hækki til muna og að aukinn verði sveigjanleiki í kröfum um mótframlag þegar kemur að öndvegisstyrkjum eða í umsóknum þar sem fleiri en einn eiga hlut að máli. Allt ætti þetta að auka möguleika vaxandi fjölda doktora framtíðarinnar hvort heldur sem þeir ákveða að hasla sér völl innan eða utan hins akademíska samfélags.

## Lokaorð

Áhersluatriði þessa erindis hafa verið mér ofarlega í huga sem stjórnarmanni í RA, en Akademían hefur látið sig málið varða. Þótt fundarröð Akademíunnar um innflytjendamál árið 2005-2006, „Varavinnuafli eða vannýtt auðlind“, tengist ekki málefni þessa þings, fjallaði einn fundurinn undir heitinu „Skurðlæknir í skúringum“ um þá staðreynd, að allmargir í hópi innflytjenda á síðastliðnum 15 árum eru hámenntaðir einstaklingar sem hafa ekki fengið vinnu við hæfi. Akademían hefur

<sup>12</sup> Sjá neðanmálgrein 7 hér að framan. Ég dreg þá ályktun að góðri aðsókn haustið 2005 að hinni nýju námslínu á Bifröst – BA nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) – að eftispurn sé eftir námi með hugvísindalegum áherslum.

<sup>13</sup> Samkvæmt opnu bréfi (dags. 15. nóv. 05) til Kristínar Ingólfssdóttur rektors HÍ frá fjórum doktorsnemum í sagnfræði við Hugvísindadeild HÍ þarf skólinn að taka sig á í þessum efnum. Þeir spyrja: “Á meðan Háskólinn treystir sér ekki til að axla ábyrgð á þeim fræðimönnum sem nú þegar stunda hér doktorsnám má velja því fyrir sér hvort hann sé fær um að taka á móti fleiri doktorsnemum.”

<sup>14</sup> Af þeim fjölmörgu dæmum sem taka mætti frá Evrópu um sambærilega áhersluþætti á háskólastigi er Tækniháskólinn í Aachen, Þýskalandi (Rhein-Westfälische Technische Hochschule). Þrátt fyrir áherslu hans og metnað á tæknisviðum hafa stjórnendur skólans talið mikilvægt að bjóða upp á nám í hugvísindum, ýmist sem hluta af grunnnámi eða sem aukafag til viðbótar tæknináminu. Þetta sést m.a. af öflugum skorum þess skóla í guðfræði og heimspeki (Sbr. [www.rwth-aachen.de](http://www.rwth-aachen.de)).

jafnframt reynt að beina athygli stjórnvalda og háskólasamfélagsins að því að þetta eigi jafnframt við um marga sem lokið hafa doktorsprófi erlendis. Að óbreyttu mun það verða hlutskipti margra þeirra sem ljúka munu doktorsnámi á Íslandi á komandi áratugum.

Eins og ég sagði í upphafi var það ekki ætlun mín að svara beint spurningunni um hvers vegna við menntum doktora. Spurningunni mætti þó svara núna á eftirfarandi hátt: Vonandi menntum við doktora svo að þeir geti að námi loknu unnið við ögrandi og skapandi rannsóknar- og kennslustörf á því sviði sem þeir hafa menntað sig til. Vonandi menntum við þá ekki til varanlegs atvinnuleysis, láglaunastarfa eða annarra starfa þar sem sérmenntun þeirra nýtist lítið sem ekkert. Til þess að svo verði ekki er ábyrg stefnumörkun mikilvæg þar sem m.a. verður hugað að mögulegum atvinnutækifærum komandi doktora. Með hliðsjón af ofanefndum áherslum um mikilvægi heildstæðrar háskólahugmyndar getum við jafnframt sagt hér í lokin, að við ættum að mennta doktora til að taka þátt í þeirri gagnrýnu endurskoðun á mannlegri þekkingu sem nauðsynleg er til að spyrna gegn hvers konar ómennsku og viðhalda reisu mannlegs samfélags í sátt við vist- og lífríki mannsins. Hér bera stjórnvöld og rannsóknarsamfélagið í heild sameiginlega ábyrgð.